



# Skeiða- og Gnúpverjahreppur

## Erindisbréf Afréttarmálanefndar Gnúpverja

### I. Kafli - Verkefni nefndarinnar

#### 1. grein - Um málefni nefndarinnar

Afréttarmálanefnd Gnúpverja fer með málefni fjallskila samkvæmt Fjallskilasamþykkt fyrir Árnessýslu austan vatna nr. 844/2022 ásamt lögum og reglugerðum um þau mál í umboði sveitarstjórnar eftir því sem nánar er kveðið á um í þessu erindisbréfi. Það er gert í samræmi við samþykkt um stjórn og fundarsköp Skeiða- og Gnúpverjahrepps nr 415 frá 2022.

#### 2. grein - Um helstu verkefni

Helstu verkefni Afréttarmálanefndar Gnúpverja eru eftirtalin :

- Að vera sveitarstjórn til ráðuneytis í fjallskilamálum.
- Að skipuleggja fjallskil í sveitarfélaginu, þar með talið að jafna þeim niður gangnadagsverkum og hefur heimild sveitarstjórnar til fullnaðarákvarðana um þau efni, sbr. 13. gr. þessa erindisbréfs.
- Að sjá um framkvæmd fjallskila, þar með talið sér nefndin að tilnefna gangnaforingja og réttarstjóra.
- Að hafa eftirlit með að réttir sveitarfélagsins geti sinnt hlutverki sínu.
- Vinna að samstarfi við nágrannasveitarfélög um framkvæmd fjallskila eftir því sem þurfa þykir.
- Að vera eftirlits- og umsagnaraðili sveitarfélagsins varðandi riðuveiki og garnaveiki.
- Að annast önnur þau fjallskilaverkefni sem sveitarstjórn kann að fela nefndinni.

Við framkvæmd fjallskila skal í einu og öllu fylgja gildandi fjallskilasamþykkt.

#### 3. grein - Lög og reglugerðir

Þau lög og reglugerðir sem varða verkefni Afréttarmálanefndar Gnúpverja eru m.a.:

- a. Lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, með síðari breytingum.
- b. Fjallskilasamþykkt héraðsins.
- c. Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993 með síðari breytingum.
- d. Aðrar lagasetningar Alþingis sem á hverjum tíma tengjast verkefnum nefndarinnar.

Þá skal Afréttarmálanefndin fara eftir samþykktum og reglum sem sveitarstjórn hefur sett eða kann að setja um verkefni hennar. Það á einnig við um samninga og samstarf á þessum vettvangi við önnur sveitarfélög.

Nefndinni er skylt að eiga samstarf við aðrar nefndir sveitarfélagsins, eftir því sem málefni gefa tilefni til á hverju tíma.



# Skeiða- og Gnúpverjahreppur

## II. Kafli - Skipan nefndarinnar

### 4. grein - Skipan nefndarmanna

Sveitarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá nefndarmenn í Afréttarmálanefnd Gnúpverja til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Sveitarstjórn kýs formann. Hann er jafnframt fjallskilastjóri sveitarfélagsins. Að öðru leyti skiptir nefndin sjálf með sér verkum. Ef fjallskilastjóri fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, ákveður sveitarstjórn hver tekur við formennsku í nefndinni eða velur annan í það hlutverk.

### 5. grein - Fundarstjórn

Formaður Afréttarmálanefndar Gnúpverja stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar.

### 6. grein - Fjöldi funda

Afréttarmálanefnd Gnúpverja heldur að jafnaði fjóra fundi á ári. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.

### 7. grein - Gestir funda

Sveitarstjóri hefur seturétt á fundum Afréttarmálanefndar Gnúpverja með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að boða aðra á fundi nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál.

## III. Kafli - Yfirstjórn fjallskilamála

### 8. grein - Stefnumótun og ákvarðanir

Formaður Afréttarmálanefndar Gnúpverja er í forsvari fyrir nefndina um stefnumótun og ákvarðanir nefndarinnar eftir því sem við á. Sveitarstjóri ber ábyrgð á fjármálum málaflokksins og framkvæmd ákvarðana nefndarinnar.

## IV. Kafli - Fundarsköp nefndarinnar

### 9. grein - Fundarsköp

Um fundarsköp á fundum Afréttarmálanefndar Gnúpverja gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum og samþykkt um stjórn og fundarsköp Skeiða- og Gnúpverjahrepps nr. 415 frá 2022.

Formaður boðar eða lætur boða til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru, eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund. Fundir Afréttarmálanefndar Gnúpverja eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur nefndarmanna er á fundi. Afréttarmálanefnd getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur. Falli atkvæði að jöfnu telst mál fallið.

Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

### 10. grein - Fundargerð

Rita skal í rafræna fundargerð öll mál sem fjallað er um í Afréttarmálanefnd Gnúpverja og skulu allir viðstaddir rita nöfn sín undir prentað eintak fundargerðarinnar. Rita skal í fundargerðarbók dagsetningu fundar, og fjölda blaðsíðna rafrænnar fundargerðar. Fundarmenn skulu skrifa nöfn sín í viðkomandi bók sem geymd er á tryggum stað.



# Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Formaður skal sjá um að afrit af fundargerðum nefndarinnar séu send sveitarstjórn til kynningar og/eða til samþykktar að loknum hverjum fundi. Nefndarmenn skulu einnig fá afrit af fundargerðum hennar.

Við skráningu í fundargerð skal fylgja þeim meginreglum sem gilda um ritun fundargerða sveitarstjórnar, samanber 16. gr. í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps, nr. 415 frá 2022.

## *11. grein - Varsla fundargagna*

Fundargerðabók og öll bréf, erindi, skýrslur og skjöl, sem snerta starf Afréttarmálanefndar Gnúpverja skulu vera í vörslu formanns. Við starfslok, sem formaður, skal hann skila fundargerðunum ásamt öðrum gögnum sem varða fjallskilanevnd á skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Fulltrúar í sveitarstjórn ásamt sveitarstjóra hafa óheftan aðgang að öllum gögnum nefndarinnar nema lög ákveði á um annað.

## *12. grein - Afgreiðsla mála*

Formaður skal senda fundargerðir Afréttarmálanefndar Gnúpverja til sveitarstjórnar svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi, til fullnaðarafgreiðslu á þeim málum sem þar eru tekin fyrir. Sveitarstjórn getur veitt nefndinni heimild til fullnaðarafgreiðslu á einstökum málum.



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

### V. Kafli - Hæfi, réttindi og skyldur nefndarmanna og annarra fundarmanna

#### *13. grein - Réttindi og skyldur*

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda, eftir því sem við á, ákvæði II. og III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. einnig IV. kafla sömu laga og III. og IV. kafla í Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps 415 frá 2022. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði.

#### *14. grein - Hæfi nefndarmanna*

Um hæfi nefndarmanna í Afréttarmálanefnd Gnúpverja gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Um hæfi annarra sem sitja fundi Afréttarmálanefndar Gnúpverja gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

#### *15. grein - Fundarsókn*

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi Afréttarmálanefndar Gnúpverja nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns svo hægt verði að boða varamann hans á fund.

#### *16. grein - Þagnarskylda*

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn.

Nefndarmönnum er skylt að starfa eftir siðareglum kjörinna fulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

### VI. Kafli - Málsmeðferðarreglur nefndarinnar

#### *17. grein - Stjórnsýsla*

Við meðferð mála hjá Afréttarmálanefnd Gnúpverja, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnsýslumáli, skulu nefndarmenn gæta ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

#### *18. grein - Jafnræði og meðalhóf*

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs skv. stjórnsýslulögum nr. 37/1993. Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir fjallskilaneftur áður en tekin er ákvörðun enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

#### *19. grein - Upplýsingaskylda*

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða mál hans með þeim takmörkunum sem getið er um í 16. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 140/2012.

#### *20. grein - Ákvarðanir og leiðbeiningar*

Ákvörðun Afréttarmálanefndar Gnúpverja skal tilkynnt aðila máls skriflega. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda. Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um kær- og endurupptöku–heimild og fresti til að kæra eða endurupptaka mál.



# Skeiða- og Gnúpverjahreppur

## VII. Kafli - Endurupptaka máls

### 21. grein - Endurupptaka

Eftir að nefndin hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til sveitarstjórnar.

## VIII. Kafli - Stjórnsýslukæra

### 22. grein - Stjórnsýslukæra

Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun Afréttarmálanefndar Gnúpverja til æðra stjórnvalds sem við á til þess að fá ákvörðun fellða úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun nefndarinnar, nema lög leiði til annars frests. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

## IX. Kafli - Gildistaka

### 23. grein - Gildistaka

Erindisbréf þetta, sem byggir á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps nr. 415 frá 2022, tekur gildi við samþykkt þess af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Með samþykkt erindisbréfs þessa fellur úr gildi eldra erindisbréf.

Samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps 17.08.2022

Samþykkt á fundi Afréttamálanefndar Gnúpverja xx. xxxx xxxx.